

# STOFNANASAMNINGUR

## Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

### 1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til starfsmanna sem starfa hjá Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) og eru félagsmenn í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN). Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra eins og hann er hverju sinni.

### 2 Markmið og almennar forsendur

#### 2.1 Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að tryggja Framkvæmdasýslu ríkisins hæft og gott starfsfólk í hvetjandi starfsumhverfi.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og að hægt sé að taka mið af einstaklingum fremur en hópum þannig að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir hvern starfsmann til að hafa áhrif á framgang í starfi og auka þar með möguleika sína á bættum kjörum.
- Að launakerfið sé gagnsætt, einfalt og sveigjanlegt og taki mið af skipulagi og sérstöðu Framkvæmdasýslu ríkisins og nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum þess.
- Að launakerfið sé grunnlaunakerfi þar sem, til viðbótar við grunnlaun, er greitt sérstaklega fyrir hvern unninn yfirvinnutíma samkvæmt tímaskráningu.
- Að starfskjör grundvallist á sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna þar sem því verður við komið.
- Að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukinn með markvissri endurmenntun. Að stofnunin, í samvinnu við fulltrúa starfsmanna, marki skýra stefnu í endurmenntunarmálum og starfsþróunarmálum.
- Að stjórnendur FSR fylgist reglulega með launaþróun hjá sambærilegum stofnunum til að tryggja að laun starfsmanna FSR séu á hverjum tíma sambærileg.

- Að jafnrétti og jafnræði milli karla og kvenna ríki í launaákvörðunum innan Framkvæmdasýslu ríkisins eins og ber samkvæmt lögum.

## 2.2 Almennar forsendur röðunar

Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna samkvæmt hlutlægum mælikvörðum og skal sú röðun vera skjalfest og aðgengileg starfsmanninum sjálfum og/eða trúnaðarmanni / stéttarfélagi sé þess óskað af hálfu starfsmannsins. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti er vísiregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Við mat á ábyrgð skal taka mið af faglegri, fjárhagslegri og stjórnunarlegri ábyrgð á verkefnum.

- Dæmi um faglega ábyrgð er t.d. gerð frumathugunar, umsjón með samkeppnisferli, umsjón með áætlunargerð, byggingarstjórn verkefnis.
- Dæmi um fjárhagslega ábyrgð er kostnaðargát verkefnis t.d. í frumathugun, áætlunargerð og verklegri framkvæmd t.d. við eftirlit með verkefni og verktaka.
- Dæmi um stjórnunarlega ábyrgð er verkefnastjórn verkefnis.

## 3 Grunnröðun

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs, viðvarandi verksvið eða starfslýsingu og þess gætt að samræmi sé á milli þeirra þátta sem móta starfið. Röðun starfa er byggð á ákvæðum í kafla 11.1.3 í kjarasamningi þar sem fram kemur hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Fyrst og fremst eru metin þau verkefni og skyldur sem felast í starfinu auk þeirrar færni (kunnáttustig / sérhæfing / önnur menntun s.s. meistarapróf í iðngrein) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits stofnunarinnar við gerð samningsins. Í heildina skal þess gætt að umfang starfsins falli innan eðlilegra marka 100% starfshlutfalls.

### 3.1 Skilgreiningar starfsheita

Eftirfarandi starfsheiti sem byggja á viðvarandi verksviði starfsmanns/starfslýsingu skulu lögð til grundvallar launaröðunar.

**Starfsmaður 0 / S0** - lágmarksröðun er launaflokkur 11

Starfsmaður sem hefur ekki lokið BSc- eða BA-prófi. Hér er til dæmis átt við ungfélaga og þá sem hafa ekki hlotið starfsleyfi. Starfið felst í lausn verkefna undir leiðsögn sérfræðinga á reynslutíma.

**Starfsmaður 1 / S1** - lágmarksröðun er launaflokkur 14

to  
HHP

Starfsmaður sem hefur lokið BSc- eða BA-prófi (180 ECTS einingar) í arkitektúr eða samsvarandi námi. Starfið felst í lausn verkefna undir leiðsögn sérfræðinga og stjórnun einstakra verkefna sem fleiri vinna að.

#### **Sérfræðingur 2 / S2** - lágmarksröðun er launaflokkur 17

Starfsmaður sem hefur lokið lokaprófi í arkitektúr (MA, MSc eða sambærilegt) eða samsvarandi námi. Starfið felur í sér almenn verkefni sérfræðings innan stofnunarinnar. Í starfinu felst ábyrgð á einstökum málum eða verkþáttum. Starfið er að mestu unnið sjálfstætt en undir stjórn og á ábyrgð annarra.

#### **Sérfræðingur 3 / S3** - lágmarksröðun er launaflokkur 18

Starfsmaður sem hefur lokið lokaprófi í arkitektúr (MA, MSc eða sambærilegt) eða samsvarandi námi. Starfið felst í umsjón og fjárhagslegri og stjórnunarlegri ábyrgð á heildarverkefnum og afmörkuðum verkefnum innan þess, til að mynda byggingarstjórn. Starfið krefst sérþekkingar og sérhæfingar starfsmanns á hlutaðeigandi sviði.

#### **Sérfræðingur 4 / S4** - lágmarksröðun er launaflokkur 21

Starfsmaður sem hefur lokið lokaprófi í arkitektúr (MA, MSc eða sambærilegt) eða samsvarandi námi. Starfið felst í umsjón og faglegrri, fjárhagslegri og stjórnunarlegri ábyrgð á heildarverkefnum og afmörkuðum verkefnum innan þess, til að mynda byggingarstjórn. Starfið krefst sérþekkingar og sérhæfingar starfsmanns á hlutaðeigandi sviði.

## **4 Starfslýsingar/verksvið**

Röðun í launaflokka ræðst af viðvarandi verksviði eða starfslýsingum starfsmanns. Verksvið starfs eða lýsingar á því verða endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna. Komi til breytinga á skipulagi Framkvæmdasýslu ríkisins getur starfsmaður farið fram á endurskoðun á verksviði sínu.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal fara fram endurskoðun starfslýsinga og endurmat starfskjara í samræmi við viðvarandi verksvið og með hliðsjón af ákvæðum þessa samnings.

Yfirferð og hugsanleg endurskoðun á starfslýsingu / viðvarandi verksviði skal vera til umræðu í starfsmannasamtali og skal endurskoðun, ef einhver er, lokið eigi síðar en tveimur mánuðum eftir starfsmannasamtal.

## 5 Aðrir þættir sem ráða endanlegri röðun starfs

### 5.1 Menntun

#### 5.1.1 Menntun sem krafa er gerð um í starfi

Við grunnröðun skv. kafla 3 bætast við launaflokkar vegna aukinnar menntunar sem krafa er um í starfi sem hér segir:

Orðalag gerðardóms frá 14. ágúst 2015:

„Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki tveimur launaflokkum hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 4 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar)	2 launaflokkar.
Meistaragráða (90 – 120 einingar)	4 launaflokkar
Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar)	6 launaflokkar“

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

#### 5.1.2 Önnur viðbótarmenntun sem nýtist í starfi

Viðbótarmenntun skal meta skv. ákvæðum gerðardóms 14. ágúst 2015:

„Sérstaklega skal meta framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins (innskot FÍN: 5.1.1). Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 launaflokka, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 launaflokka og doktors eða sambærileg gráða um 6 launaflokka, en þó aldrei hærra en launataflan leyfir. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.“

## 5.2 Reynsla í starfi hjá FSR

Reynsla í starfi hjá FSR er metin eftirfarandi:

- Eftir 1 ár 1 launaflokkur.
- Eftir 3 ár 1 launaflokkur til viðbótar.
- Eftir 5 ár 1 launaflokkur til viðbótar.

### 5.3 Byggingarstjórar

Viðaukasamningur, staðlað form sem báðir samningsaðilar samþykkja, er gerður við starfsmann um hlutverk byggingarstjóra. Með viðaukasamningi þessum skal vera ábyrgðaryfirlýsing fjármála- og efnahagsráðuneytis SK-039 og ábyrgðaryfirlýsing FSR SK-038.

Starfsleyfi byggingarstjóra í flokki 1 og 3 sbr. byggingarreglugerð skal metið til 1 launaflokks í launum.

Grunnröðun í launaflokka skal vera S3 eða S4.

Þóknun fyrir byggingarstjórn skal metin til eins launaflokks (4 punkta) í kafla 5.5.

### 5.4 Sí- og endurmenntun

Vegna sí- og endurmenntunar sem nýtist í starfi safnar starfsmaður punktum. Vegna sí- og endurmenntunar á háskólastigi fær starfsmaður 1 punkt fyrir hverjar 10 ECTS einingar.

Önnur sí – og endurmenntun sem nýtist í starfi skal metin til punkta.

Safnaðir punktar vegna sí- og endurmenntunar teljast með söfnuðum punktum vegna álagsþátta við mat á árangri og frammistöðu. Hækkun launa vegna sí- og endurmenntunar er ekki afturkræf.

#### Löggilding

- Löggilding sem hönnuður. 1 punktur

#### Verkefnastjórnun

- Vottun í verkefnastjórnun. T.d. IPMA-vottun hjá Verkefnastjórnunarfélagi Íslands, flokkar A, B, C og D. 1 punktur fyrir hvern flokk vottunar.

Sí- og endurmenntun gefur ekki sjálfkrafa hækkun á launum en kemur til umfjöllunar við mat í launaviðtali.

### 5.5 Mat á árangri og frammistöðu

Aðilar eru sammála um að stuðla að eflingu/hvatningu starfsmanna og tryggja að laun verði í sem mestu samræmi við starfsframlag. Hverjum viðeigandi þætti skal gefa punkta á því bili sem fylgir honum. Hverjir 4 punktar samsvara hækkun um 1 launaflokk. Punktar úr 5.4 og 5.5 teljast saman til hækkunar á launaflokkum.

**Meta skal eftirfarandi þætti í þessu skyni:**

### Starfsbundnir þættir:

- aukið eða sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið (1-3)
- aukið umfang starfs (1-3)
- aukin eða sérstök ábyrgð (1-4)
- fagleg reynsla utan FSR sem nýtist í starfi (1-5)
- leiðbeining eða kennsla annarra starfsmanna (1-4)
- aðrir þættir sem skipta máli í viðkomandi starfi (1-6)

### Einstaklingsbundnir þættir:

- sérstök hæfni (1-3)
- góður árangur/frammistaða í starfi (1-6)
- sjálfstæði og/eða frumkvæði (1-3)
- vilji og geta til að takast á við ný eða flókin verkefni (1-3)
- hæfni til samskipta og samvinnu (1-3)
- sinnir starfi á fleiri en einu sviði (1-6)
- samkeppnisáhrif á markaði (1-6)
- aðrir þættir sem skipta máli í viðkomandi starfi (1-6)

Framkvæmdasýsla ríkisins skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunum / lækkunum samkvæmt þessum lið og leggja þær fyrir starfsmann sjálfan og/eða trúnaðarmann / stéttarfélag sé þess óskað.

Hækkun launa vegna álagsþátta í kafla 5.5 getur verið tímabundin vegna tímabundinna aukinna umsvifa eða ábyrgðar í starfi, sjá einnig kafla 5.6. Verði þeir álagsþættir viðvarandi í 2 ár verða þeir hluti af föstum launum.

Verði breytingar á starfsframlagi starfsmanns skal forstjóri FSR hafa frumkvæði að því að hækka laun starfsmanns í samræmi við það. Telji starfsmaður að honum hafi verið falið verkefni sem felur í sér einhverjar af ofangreindum forsendum og hann hafi ekki fengið launahækkun í samræmi við það skal hann tilkynna forstjóra FSR um það. Náist ekki samkomulag milli starfsmanns og forstjóra getur starfsmaður leitað til trúnaðarmanns og ef ekki næst samkomulag við FSR þá er málið lagt fyrir samstarfsnefnd FÍN og FSR.

### 5.6 Tímabundin vik frá verksviði

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang, ábyrgð eða álag en gert er ráð fyrir í viðvarandi verksviði / starfslýsingu skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Greitt er samkvæmt því umfangi, ábyrgð eða álagi sem verkið felur í sér og



gerður er um það sérstakur samningur, sem er tímabundinn viðauki við ráðningarsamning. Tilgreina og tímasetja skal upphaf og endi í samningi.

## **6 Réttur til endurmats á starfi og endurskoðun**

Aðilar eru sammála um að endurskoða eigi sjaldnar en árlega starfsmarkmið og frammistöðu einstakra starfsmanna í starfi.

### **6.1 Starfsmannasamtal**

Regluleg og kerfisbundin starfsmannasamtöl starfsmanns og næsta yfirmanns skulu fara fram a.m.k. einu sinni á ári. Leitast skal við að þeim verði lokið í október ár hvert. Í þeim samtölum er fyrst og fremst rætt um starf og starfsþróun, frammistöðu og hæfni starfsmanns, afköst og vinnuástöðu, líðan í starfi, fræðsluáætlun starfsmanns o.fl, sbr. verklag þar um. Starfslýsingar / verkvið starfsmanns skal tekið til athugunar í starfsmannasamtali.

### **6.2 Launaviðtal**

Endurmat á störfum, árangri, frammistöðu og starfskjörum (launaviðtal) starfsmanns skal fara fram með yfirmanni þegar tilefni er til, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og fyrir 1. desember ár hvert. Breytingar á launakjörum skulu taka gildi og koma til framkvæmdar eigi síðar en 1. janúar næstkomandi ár.

### **6.3 Vísiregla um jafnræði**

Röðun í launaflokka ásamt mati á persónu- og tímabundnum þáttum skal hafa ígildi vísireglu gagnvart síðari ákvörðunum, þannig að frammistaða starfsmanna samkvæmt þessum ákvæðum sé metin með hliðstæðum hætti svo að tryggt sé að þeir njóti jafnræðis.

### **6.4 Réttur til endurmats**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofangreindar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Starfsmaður getur leitað stuðnings hjá trúnaðarmanni. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar FÍN og FSR.

## **7 Gildistími og endurskoðun**

Stofnanasamningur þessi tekur gildi 1. júní 2016 og skal endurskoðaður þegar stofnun eða stéttarfélag óska þess. Samningurinn er afturvirkur frá undirritun til 1. júní 2016.



Reykjavík, 17.11. 2017

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR)

Macianna A.  
Óm Baldurinn  
Þingeyti S. Einarsson

Halla Björnsdóttir  
Húsnáttúrufræðingur

17/11  
20



### Bókun 1

Ákvæði um röðun byggingastjóra skv. fylgiskjali 1 gildir afturvirkkt frá 1. janúar 2013. Laun starfsmanna sem gegna því starfi verða leiðrétt frá sama tíma og greidd ásamt nóvemberlaunum þann 1. desember 2013. Uppgjör tekur mið af 1. degi þess mánaðar sem byggingarstjórn í verki hefst. Viðmið yfirvinnuuppgjörs skal vera frá og með 15. degi þess mánaðar sem byggingarstjórn í verki hefst.

### Bókun 2

Gildistaka stofnanasamnings hefur ekki áhrif á hagstæðari kjör sem starfsmaður hefur samið um í ráðningarsamningi.

### Bókun 3

Aðilum er ljóst að túlkun aðila á menntunarákvæðum gerðardóms falla ekki saman og því verður mögulegur ágreiningur úrlausnarefni Félagsdóms.

Reykjavík, 17.11. 2017

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR)

*Marianne H. S.*  
Óm Baldurinn  
Þorgerður S. Guðmundsdóttir

*Hallgrímur*  
Katrín Þorvaldsdóttir

## Yfirlýsing FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins túlkar áhrif þeirra ákvæða sem fram koma undir kafla 5.1.2. Önnur viðbótarmenntun sem nýtist í starfi á þann veg að flokkahækkun sem þar um ræðir leggst ekki saman. Þannig gefi viðbótar meistaraþráða 2 flokka og doktors- eða sambærileg gráða 2 flokka.

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR)

A handwritten signature in blue ink, consisting of a stylized 'H' followed by a large 'R' and a flourish.

## Fylgiskjal 1

### Launatafla FÍN

Samningur:	633-111
Gildistími frá:	1.6.2016
Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum er:	1,0385%
Full desemberuppbót er:	82.000
Full orlofsuppbót er:	44.500

### Prepareikningur

1. þrep	yngri en 30 ára
2. þrep	frá 30 ára aldri
3. þrep	frá 35 ára aldri
4. þrep	frá 40 ára aldri
5. þrep	frá 45 ára aldri

### Mánaðarlaun

	1	2	3	4	5
001	304.743	309.314	313.954	318.663	323.443
002	313.885	318.593	323.372	328.223	333.146
003	323.302	328.151	333.073	338.070	343.141
004	333.001	337.996	343.066	348.212	353.435
005	342.991	348.136	353.358	358.658	364.038
006	353.280	358.580	363.958	369.418	374.959
007	363.879	369.337	374.877	380.500	386.208
008	374.795	380.417	386.123	391.915	397.794
009	386.039	391.830	397.707	403.673	409.728
010	397.620	403.585	409.638	415.783	422.020
011	409.549	415.692	421.927	428.256	434.680
012	421.835	428.163	434.585	441.104	447.721
013	434.490	441.008	447.623	454.337	461.152
014	447.525	454.238	461.052	467.967	474.987
015	460.951	467.865	474.883	482.006	489.236
016	474.779	481.901	489.130	496.467	503.914
017	489.023	496.358	503.803	511.361	519.031
018	503.693	511.249	518.918	526.701	534.602
019	518.804	526.586	534.485	542.502	550.640
020	534.368	542.384	550.520	558.777	567.159
021	550.399	558.655	567.035	575.541	584.174
022	566.911	575.415	584.046	592.807	601.699
023	583.919	592.678	601.568	610.591	619.750
024	601.436	610.458	619.615	628.909	638.343
025	619.479	628.772	638.203	647.776	657.493
026	638.064	647.635	657.349	667.210	677.218
027	657.206	667.064	677.070	687.226	697.534
028	676.922	687.076	697.382	707.843	718.460
029	697.230	707.688	718.303	729.078	740.014
030	718.146	728.919	739.852	750.950	762.214
031	739.691	750.786	762.048	773.479	785.081
032	761.882	773.310	784.909	796.683	808.633
033	784.738	796.509	808.457	820.584	832.892
034	808.280	820.404	832.710	845.201	857.879
035	832.529	845.016	857.692	870.557	883.615
036	857.504	870.367	883.422	896.674	910.124
037	883.230	896.478	909.925	923.574	937.428
038	909.726	923.372	937.223	951.281	965.550
039	937.018	951.073	965.340	979.820	994.517
040	965.129	979.606	994.300	1.009.214	1.024.352

*Handwritten signature and initials*